



Fréttabréf Árskógar skóla

12. tölublað, 2. árgangur, júlí 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Símanúmer skólans

Aðalnúmer: 460-4970

Skólastjóri: 460-4971

Kötluokot: 460-4973

Félagsheimili: 460-4979

<http://www.youtube.com/watch?v=fvDtuUcOMrs&feature=youtu.be>

Hér má sjá börn á Kátakoti syngja Hvalalagið. Endilega syngið saman heima.

Gulli og perlum að safna sér,
sumir endalaust reyna,
vita ekki að vináttan er,
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina.
En viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.
höf: Hjálmar Freysteinnsson
Lag: Vem kan segla förutan

Stjórnendur skólans

Ef spurningar vakna þá endilega hafðu samband í síma 460-4970 eða sendu póst.

Gunnþór Eyfjörð skólastjóri
gunnthore@dalvikurbyggd.is

Hjördís Jóna deildarstjóri
jona@dalvikurbyggd.is

Til þjónustu reiðubúin!

Kæra skólasamfélag

Nú eru einungis tvær vikur eftir af skólanum fram að sumarfrí en næg verkefni. Þrátt fyrir framkvæmdir við lóð höfum við nýtt okkur góða veðrið og verið mikið úti. Þeir sem eru að vinna hér í kring hafa sýnt mikla tillitssemi og því hefur allt gengið vel. Börnin hafa sýnt framkvæmdunum mikinn áhuga og sérstaklega ef það eru nógu mörg og stór tæki í einu.

Síðasti dagur fyrir sumarfrí er föstudagurinn 12 júlí. Gott er að taka öll fót barnanna heim í lokuninni svo að ekkert vanti en einnig til að koma með réttar fastastærðir eftir vaxtarkipp sumarsins!

Við opnum aftur hress og kát miðvikudaginn 14 ágúst kl:12:15.

Viljum vekja athygli á því að ekki er boðið upp á hádegismat þennan dag.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Opið hús



Föstudaginn 5. júlí er opið hús í skólanum milli 9:30-11:30. Hægt er að skoða afrakstur húsdýrabema og fjöruferðar. Einnig hafa börnin verið að baka og bjóða upp á veitingar. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Kveðja






12. júlí er síðasti vinnudagur Kristínar Daggar en hún hefur verið við störf á Kötluokoti. Við óskum henni góðs gengis á nýjum vettvangi og þökkum frábært samstarf. Einnig er Katla María að hætta hjá okkur og óskum við henni góðs gengis.

Fiskidagurinn

Eins og síðustu fiskidaga erum við búin að vera að æfa lög sem leikskólabörn syngja í vináttukeðjunni. Nánari fréttir af því hvar á að mæta og hvenær verður sent í tölvupósti þegar það verður komið á hreint. Lög sem sungin verða eru Hvalarlagið, Vinarlagið og Gull og perlur. Hlökkum til að sjá sem flesta.



Viðburðadagatal júlí 2013

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
1	2 Fjöruferð 	3	4	5 Opið hús 	6	7
8 Plöntupema 	9 Plöntupema 	10 Plöntupema 	11 Plöntupema 	12 Plöntupema 	13	14
15 Sumarfrí  Ísadóra 5 ára	16 Sumarfrí	17 Sumarfrí	18 Sumarfrí	19 Sumarfrí	20	21
22 Sumarfrí	23 Sumarfrí	24 Sumarfrí	25 Sumarfrí	26 Sumarfrí	27	28
29 Sumarfrí	30 Sumarfrí	31 Sumarfrí				